



Félag grunnskólakennara
Borgartún 30 • IS-105 Reykjavík • Sími 595 1111 •
fg@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2021
2105006FG KÓP

Efni: Umsögn Félags grunnskólakennara um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum á sviði MRN (öflun sakavottorðs). 715. mál.

Eins og segir í frumvarpinu er það liður í að auka öryggi viðkvæmra hópa í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstörfum, þá helst barna og ungmenna. Með frumvarpinu er verið að samræma lagaákvæði um ráðningarbann á sviði mennta- og menningarmálaráðuneytis. Kveðið er á um bann við ráðningu starfsfólks sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Þá kemur inn það nýmæli að hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, meðal annars að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

Félag Grunnskólakennara tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umræddu frumvarpi að hafa skal hagsmuni barna að leiðarljósi. Það má hinsvegar ekki gerast á kostnað starfsmanna grunnskóla og að vegið sé að atvinnuöryggi þeirra. Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins kemur fram að hafi „... umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.“ Hér er ekki skilgreint hver það er sem tekur þessa ákvörðun, þá er ekki nein viðmið um það hvað geti leitt til höfnunar vinnu. Þá virðist þetta vera ákvörðun sem er tekin í ákveðnu tómarúmi án samráðs eða að starfsmanni sé gefinn kostur á að nýta réttindi sín samkvæmt lögum. Þetta m.a. býður upp á að starfsmaður sem er hæfastur teljist ekki hæfur af því að óskilgreint viðmið leiði til þess að hann sé óæskilegur vegna fortíðar sinnar. FG getur ekki samþykkt jafnvíðtækt valdaframsal og þarna kemur fram og þá stenst það ekki 75. gr. Stjórnarskrárinnar þar sem skerðing á atvinnuréttindum þarf að vera skýrt ákveðin í lögum sem er ekki staðan hér.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsdraganna er fjallað um heimild skólastjóra til að leita eftir sakavottorði einu sinni á ári. Honum er svo veitt heimild til „... að afla þessara upplýsinga oftast ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess.“ Þessi heimild er algerlega opin og háð geðþótta viðkomandi skólastjóra því starfsmaður getur ekki veitt sér neinar varnir. Þá er ekki ljóst hvort starfsmanni verði yfirhöfðu sagt frá að verið sé að njósna um hann með þessum hætti. Þá liggur ekki fyrir hvað á að gera með þær upplýsingar sem fram koma á sakavottorði, á regla 1. mgr. Um ráðningarbann að gilda? Er þá hægt að reka starfsmann án nokkurs rökstuðnings annars en að skólastjóra finnist hann ekki eiga heima þarna af því að honum finnist brotið ekki samrýmast starfsmanni grunnskóla? Hér er kominn mjög matskennd regla þar sem niðurstaða í hverju máli ræðst af mati hvers skólastjóra fyrir sig. Slíkur mælikvarði er ekki tækur og fer gegn 75. gr. Stjórnarskrárinnar.

Það sem hér hefur komið fram varðandi 2. gr. frumvarpsins á að breyttum breytanda einnig við um 7. gr. frumvarpsins.



Félag grunnskólakennara
Borgartún 30 • IS-105 Reykjavík • Sími 595 1111 •
fg@ki.is • www.ki.is

Hér er vegið að atvinnufrelsi og slíkar takmarkanir skulu ávallt gæta meðalhófs og ekki ganga lengra en nauðsynlegt er. Þá skal alltaf setja um slíkar takmarkanir skýrar lagareglur. Reglur sem eru óljósar, opnar og matskenndar, eins og raunin er í þessu frumvarpi, fara gegn þessum reglum. Er því nauðsynlegt að vinna þetta frumvarp betur ef það á að geta orðið að lögum og er FG tilbúið að veita sýna aðstoð við það verkefni.

Virðingarfyllst,
f.h. Félagsgrunnskólakennara

Karl Óttar Pétursson
Lögmaður Félagsgrunnskólakennara